

LÍFIÐ Í  
LANDINU

## Dagur


Miðvikudagur 26. apríl 2000

Trjágróður  
undir áhrifum

Fyrsti myndlistarmaðurinn sem heldur einkasýningu í nýjum húsakynnum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu er franskur og heitir Fabrice Hybert. Við náðum af honum tali þegar hann tillti hér niður fæti í tilefni opunar sýningar og húss.

Fabrice Hybert er 36 ára gamall var búinn að starfa sem myndlistarmaður í nokkur ár þegar hann vakti verulega athygli í heimalandi sínu í byrjun árs 1995. Þá hélt hann sýninguna Hybert-marché í Arc söllum Nútímalistasafns Parísarborgar, en þar eru gjarnan sýnd verk eftir myndlistarmenn á uppleið. Sjaldan hafa sýningar nú í seinni tíð vakið jafn mikla umræðu.

Á Markaði Hyberts sýndi listamaðurinn allskyns varning, sem hann hafði „fundið“ samkvæmt eigin teikningum. Vörunni var stillt upp á einföld tréborð, en hún var af ólíkasta toga, allt frá venjulegum trélitum og ruslafötum úr plasti uppi í uppstoppað ljón og sirkúshjól. Allt var þetta falt og rann varningurinn/listaverkið út eins og heitar lummur. Ég man að prófessornum mínum í hugmyndafræði við Sorbonne



Fabrice Hybert hefur breytt hegðun trjána sem hann plantaði í Listasafni Reykjavíkur. Hann fæst þó oftast við að búa til hluti (POF) sem hafa áhrif á hegðun fólks, en ekki plantna.

háskóla á þessum tíma, henni Claudine Romeo, sem er enn sanntrúaður kommúnisti, var nóg boðið og fannst listin orðin alltof bókstafleg markaðsvara. En fleirum var skemmt og nafn Fabrice Hybert reis upp á stjörnuhiminn listarinnar. Tveimur árum síðar vann hann Gullljónið á Tvíæringnum í Fenejyum og telst síðan til alþjóðlegra listamanna.

#### Ræðismaður fegurðar

Fabrice mátti ekki vera að því að stoppa lengi á Íslandi. Hann er nýbúinn að vera í Mexíkó, en skrápp til Parísar áður en hann

kom hingað og fór þangað aftur að morgni skírdags, þar sem hann átti að undirrita „mikilvæg-an samning við snyrtivöruverslanakedjuna Sephora“. Við sitjum í gluggunum fyrir ofan innganginn á nýja safninu, þar sem sólin skín inn, og þar segir hann mér að í þessum samningi sé meðal annars ákvæði um að hann muni í heilt ár hafa leyfi til að stela úr þessum húðum eða gera hvað sem er í þeim. „Það verður sett upp sérstakt merkjakerfi svo kaupendur og starfsfólk getur séð ef ég hef verið á ferðinni,“ segir hann og finnst tilhugsunin greinilega bráðskemmtileg.

Innsetning Hyberts í Listasafni Reykjavíkur samanstendur af trjám, sjónvarpstækjum og teikningum á vegg. „Ég fékk hugmyndina að teikningunum í flugvélinni í gær,“ segir hann, en hún sýnir geimskip koma svífandi á skógivaxna eyju og lenda þar. „Ég held að Íslendingar séu geimverur,“ segir hann en samkvæmt teikningunni má ætla að trjáleysi landsins sé geimskipinu að kenna. „Það er svo lítið af trjám á Íslandi að mér fannst videigandi að setja upp tré.“

#### Listrænt áfall

Hann plantar þeim þó ekki eins

og skógræktarmaður myndi gera (þó hann hafi eitthvað slíkt í hyggju fyrir sýninguna Printemps de Cahors, sem haldin er árlega í lok júní í samnefndum bæ í Suður-Frakklandi). „Þessi tré hafa orðið fyrir listrænu áfalli. Ég festi á eitt þeirra spýtubrot sem stofninn vex utan um svo ef hann verður einhverntíma höggvinn munu koma í ljós inngreyptar skreytingar. Yfir annað tré set ég planku sem það þarf að ýta frá sér þegar það vex og verður því minna.“

Eitt tréð reyni ég að láta lifa með aðeins einu laufi og loks er Koss trjána en það eru tvö tré sem snertast. Ég festi á milli þeirra þræði svo þau munu vonandi vaxa saman. Síðasta tréð er andstæða þessa því það er bonsai tré sem ég hef frelsað með því að taka það úr pottinum. Þau verða rosalega stór og það þarf að gróðursetja það úti,“ segir Fabrice Hybert sem lætur safninu eftir öll trén.

#### Ávaxtatré bóndasonar

Um miðjan júní fer hann á áðurnefnda hátíð í Cahors en þar ætlar hann að planta ávaxtatrjám. „Í öllum borgum Evrópu eru tré aðeins höfð til skrauts. Mér finnst synd að hafa þau ekki meira lifandi og þess vegna lagði ég til að bærin plantaði ávaxtatrjám í stað skreytitrjána. Í sumar verða sett niður 250 ávaxtatré, en ætlunin er að þau verði orðin yfir 1000 eftir þrjú ár.“ Þegar Fabrice er spurður að því hvaðan áhugi hans á trjám sé til kominn, kemur í ljós að hann er alinn upp í sveit í suðurhluta Frakklands „þar sem tré skipta máli.“

-MEÓ.

REYKJAVÍK-AKUREYRI-REYKJAVÍK ...fljúgðu frekar

Átta sinnum á dag verð frá 8.730 kr. með flugvallarsköttum

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Bókaðu í síma 570 3030 og 460 7000

Fax 570 3001 • websales@airiceland.is • www.flugfelag.is

